



Borgarráð

Lagt er til að borgarráð heimili fjármálaskrifstofu að fara í útboð á fjármálaþjónustu vegna færsluhirðingar og boðgreiðsluþjónustu til næstu 5 ára, þ.e. frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2023, sem framkvæmt verður með formlegu innkaupaferli í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016. Í útboðsskilmálum verður gert ráð fyrir að heimilt verði að segja upp síðasta ári samningsins með sex mánaða fyrirvara og að heimilt verði að framlengja samningi tvisvar sinnum um allt að tvö ár í senn.

Greinargerð

Reykjavíkurborg hefur verið með samninga við bæði Valitor og Borgun vegna færsluhirðingar (posar) og boðgreiðsluþjónustu. Samningarnir eru ótímabundnir og hægt að segja þeim upp með 1-2 mánaða fyrirvara.

Það er álit innkaupadeildar að skylt sé að fara með þjónustu sem þessa í gegnum formlegt innkaupaferli á Evrópska efnahagssvæðinu skv. lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 þar sem heildarsamningsfjárhæð væntanlegs samnings fer yfir viðmiðunarfjárhæðir laga um opinber innkaup vegna þjónustukaupa.

Reykjavíkurborg hefur ekki áður farið í útboð með þessa þjónustu sem lokið hefur með samningi. Þeir samningar sem eru í gildi í dag hafa verið gerðir af ýmsum sviðum og stofnunum borgarinnar yfir langan tíma og eru í raun orðnir barn síns tíma. Eitt af markmiðum útboðsins er að hafa utanhald um þjónustuna á einum stað en það mun auka skilvirkni.

Það hafa verið miklar tæknibreytingar varðandi veitingu þjónustunnar, sérstaklega hvað varðar boðgreiðsluþjónustu, og er nú svo komið að borgin þarf að uppfæra tæknilega hlið móttöku og úrvinnslu boðgreiðslubeiðna meðal annars vegna breyttra öryggiskrafna.

Meginmarkmið með útboði á fjármálaþjónustu vegna færsluhirðingar og boðgreiðsluþjónustu er þrífætt; að þjónustan sé skilvirk og örugg; að lágmarka kostnað borgarinnar vegna þjónustunnar; og að bæta upplýsingagjöf frá veitanda þjónustunnar til borgarinnar.

Birgir Björn Sigurjónsson
fjármálastjóri Reykjavíkurborgar